

Hafnarfjarðarbær  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11. febrúar 2022  
UST202112-277/Þ.V.B.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Ástjörn - stígur innan fólkvangs**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 22. desember 2021 með viðbótargögnum dagsett 5. janúar 2022, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins við Ástjörn og Ásfjall.

Ástjörn og Ásfjall eru friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 658/1996. Mannvirkjagerð skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag. Önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til stígagerðar og byggingu brúar. Um er að ræða framlenging að stíg sem er til staðar eða u.þ.b 20m sunnan brúar og 50 metrar norðan nýrrar brúar en þar tekur við stígur innan íþróttasvæðis. Núverandi Grísanesstígur er með stauralýsingu með 30 metra bili og áformað að hann verði malbikaður í 3 m breidd enda stofnstígur í aðalskipulagi sem tengir íbúabyggð við íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir þessari tenginu í deiliskipulagi Ásvalla. Lagning stígsins kallar á fyllingu undir stígstæðið. Brúin hefur ekki verið hönnuð en er áformuð eins sams konar og brýr sem smíðaðar hafa verið við sambærilegar aðstæður, t.d. við norðvesturenda Ástjarnar og við Urriðavatn í Garðabæ. Með umsókn fylgdi kort af legu stígs og staðsetningu brúar ásamt teikningum af sambærilegum brúm. Áformað er að brúin verði 3 m breidd timburbrú og lengd hennar er u.þ.b. 20 metrar til að skapa rými fyrir flóðvatn úr Ástjörn. Stoðir yrðu timburstaurar sem reknir væru niður með u.þ.b. 4,5m millibili. Gólfíð klætt með bandsagaðri furu eða greni 500 mm þykk borð með 1 cm fúgu. Brúin verður byggð upp á staðnum. Brúin þarf að þola umferð snjóruðningstækja eins og hinar brýrnar sem nefndar hafa verið gera. Gert er ráð fyrir að núverandi brú rétt norðan við þá nýju standi áfram. Hún er mun mjórri og er hluti af útivistarhring á náttúrustíg umhverfis Ástjörn. Að verkinu koma 4-5 starfsmenn með litla vinnuvél. Framkvæmdinn færi fram í maí og júní 2022.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa jákvæð áhrif á svæðið þar sem það mun bæta aðgengi göngufólks að því. Framkvæmdin mun þó hafi í för með sér nokkuð rask en sé farið eftir skilyrðum leyfisins er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan fólkvangsins við Ástjörn og Ásfjall sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu maí og júní 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vinnuvélinni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Forðast skal að raska hrauni meira en nauðsynlegt er.
- Nota skal staðargróður við uppgræðslu sára í gróðurþekju við frágang á svæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Framkvæmdir skulu ekki hefjast eftir að varp hefst á svæðinu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
sviðsstjóri

René Biasone  
sérfræðingur